

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (Reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Förch Black Magic 400ml		
Vörunúmer:	349 6708 0048		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Ryðolía/tæringarvörn. Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
1.3 Söluaðili:	AB Varahlutir ehf. Funahöfða 9 110 Reykjavík Sími: 567 6020 Netfang: ab@ab.is Veffang: www.ab.is	Framleiðandi: Theo Förch GmbH D-74196 Neuenstadt Þýskalandi 00-49-7139/95-0 info@foerch.de www.foerch.com	
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum	Úðabr. 1
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Eldf.úðaeefni 1
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	Eit.v.ásvelg.1
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin vahrif við innöndun	SEM-EV 2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörðunorð: **HÆTTA**

Hættusetningar

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin vahrif við innöndun

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar
P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
P260	Andið ekki að ykkur ryki/reyki/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P314	Leitið læknis ef lasleika verður vart.
P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.
EUH208	Inniheldur kalsíumsölt af sulfonsýru. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

Inniheldur: Smuroliur (úr jarðolíu) C15-30, vetnismeðhöndlaðar, byggðar á hlutlausum olíum, Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar (2-25%).

Sprengihætta við upphitun.

Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.

Reglugerð 300/2014: Inniheldur: Alifatísk vetniskolefni: $\geq 30\%$. Aromatísk vetniskolefni: $< 5\%$

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB ($< 0,1\%$).
Sjá einnig 11. og 15. lið. (PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Smuroliur (úr jarðolíu) C15-30, vetnismeðhöndlaðar, byggðar á hlutlausum olíum			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119474878-16	Innihald %	30 - 40
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	276-737-9	H-setningar	-
CAS	72623-86-0	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.v.ásvelg. 1 - H304			

Bútan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119474691-32	Innihald %	20 - 30
Raðnúmer	601-004-00-0	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	203-448-7	H-setningar	-
CAS	106-97-8	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf. loftt. - H220			

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar (2-25%)			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119473977-17-xxxx	Innihald %	10 - 30
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	919-164-8	H-setningar	-
CAS	64742-82-1	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.v.ásvelg.1 - H304, SEM-RE 2 - H372			

Própan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119486944-21-xxxx	Innihald %	1 - 10
Raðnúmer	601-003-00-5	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	200-827-9	H-setningar	-
CAS	74-98-6	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf. loftt. - H220			

Nafta (úr jarðolíu), þungt alkýlatbensín			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 5
Raðnúmer	649-275-00-4	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	265-067-2	H-setningar	-
CAS	64741-65-7	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - H226, Eit.v.ásvelg. 1 - H304, Langv.eit.á vatn 4 - H413			

Kalsíumsölt af súlfonsýru			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0,01 - < 1
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	263-093-9	H-setningar	-
CAS	61789-86-4	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðnæm.1 - H317			

Annað:
Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
Snerting við húð	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni ef nauðsyn krefur, sýnið öryggisblaðið.
Inntaka	Leitið strax lækni. Skolið munn vandlega með vatni. Framkallið ekki uppköst. Sýnið öryggisblaðið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.
Einkenni: Ertir augu, affitar húð, getur valdið þurki og sprungum við langvarandi áverkun.
Svimi, þreyta.
Einkenni við inntöku: Ásvelgingarhætta, lungnabjúgur og -bólga.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniþönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkvilduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, eitraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti.
Sprengihætta við upphitun.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði.
Fjarlægið alla hita,- eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Notið persónuhlífar.
Geymið ekki vætta klúta í vösum.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.
Eld- og sprengifimar blöndur með lofti geta myndast.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki.
Fjarlægið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og úðið ekki á heita fleti. Sprengifimar blöndur með lofti geta myndast. Notið ekki í lokuðum rýmum. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum.
Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafragnum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum og eldvörðum stað. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi. Forðist hátt hitastig (>50°C), beint sólarljós, eldfim efni, opinn eld og aðra íkveikjuvalda. Líftími vörunnar við viðeigandi geymsluskilyrði eru 24 mánuðir.

7.3 Sértek, endanleg notkun: Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Bútan	600	1450	750	1810	WEL
Própan	1000				WEL
Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar (2-25%)	1000				WEL
Nafta (úr jarðolíu), þungt alkýlatbensín		1200			WEL
Grafít		10			WEL
Jarðolía (úði)		5		10	WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

Smurolíur (úr jarðolíu) C15-30, vetnismeðhöndlaðar, byggðar á hlutlausum olíum					
Notkunarvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	5,4	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1,2	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL		mg/kg

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nitrilgúmmí. (>= 0,9-1 mm, gegnstreymistími > 480 mín).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggisskófátnaðar (EN20345).

Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síugerð A P2 (EN 14387).

Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað (EN137, EN138).

Athugið takmarkanir á notkunartíma búnaðar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi (aerosol)
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Svartur
Gufuþrýstingur (20°C):	2,9-3,5 hPa
Gufuþrýstingur (50°C):	5,8-6,4 hPa
Eðlismassi við 20°C:	0,715 g/cm ³
Leysanleiki í vatni:	Óleysanlegt
Oxandi eiginleikar	Nei

9.2 Aðrar upplýsingar:

Leysiefnainnihald: 20 - 50%

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Möguleg uppsöfnun eld- og sprengifimrar gufu.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur og aðrir ikveikjuvaldar, stöðurafmagn. Sprengihætta við upphitun. Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C. Ekki skal gata eða brenna brúsa eftir notkun.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Engin þekkt.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, eitraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bútan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, innöndun	LC ₅₀	658	mg/l/4 klst	rotta	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Skortur á samhæfingu, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, hjartsláttartruflanir, höfuðverkur, krampi, vimuáhrif, svimi, vanlíðan, uppköst.				

Própan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, kal, erting í slímhúðum, krampi, svimi, vanlíðan, uppköst.				

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar (2-25%)					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrhif, isog um húð	LD ₅₀	>2920	mg/kg	kanína	OECD 402
Bráð eiturrhif, innöndun	LC ₅₀	13,1	mg/l/4klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting	Neikvætt. Endurtekin sneriting getur valdið þurri og sprunginni húð				OECD 404
Alvarlegur augnskaði	Væg erting				OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri	Neikvætt				OECD 406
Stökkbreytingar kímfruma	Neikvætt				OECD 471
Krabbamein	Neikvætt				OECD 453
Eiturrhif á æxlunarfæri	Neikvætt				OECD 416
Sértæk eiturrhif á marklíffæri (VES)	Neikvætt				
Ásvelgingarhætta	Já				
Helstu einkenni	Sljóleiki, meðvitundarleysi, uppköst, geðsveiflur, húðvandamál, áhrif á hjarta- og æðakerfi, höfuðverkur, magaverkir, svimi.				

Nafta (úr jarðolíu), þungt alkylatbensín					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhif, isog um húð	LD ₅₀	>5000	mg/kg	kanína	
Húðæting/erting	Endurtekin sneriting veður þurri og sprungumyndun				
Ásvelgingarhætta	Já				
Einkenni	Vanlíðan, höfuðverkur				

Grafít					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	>2000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrhif, innöndun	LC ₅₀	>2000	mg/l/4klst	rotta	OECD 403

Kalsíumsölt af sulfónsýru					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD ₅₀	>5000	mg/kg	kanína	OECD 402
Næming, húð eða öndunarfæri		Veldur næmingu			

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturrhif:

6708 0048 FÖRCH Black Magic 400ml					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Annað		Engin AOX efni (lífræn halógensambönd sem aðsogast)			
Annað		DOC 805 á 28 d			

Bútan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	2,98			Uppsöfnun ekki líkleg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, ísóalkanar, hring sambönd, arómatar (2-25%)					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	LL ₅₀	>10 - <100 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturrhif	NOEC	0,097 mg/l	21 d	Daphnia	OECD 211
Eiturrhif	EL ₅₀	10-100 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Právirgni og niðurbrot		75%	28 d		OECD 301 F
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	4,2-7,2			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

Própan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	2,28			Uppsöfnun ekki líkleg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

Smurolíur (úr jarðolíu) C15-30, vetnis meðhöndlaðar, byggðar á hlutlausum olíum					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	LL ₅₀	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturrhif	EL ₅₀	>10000 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202

Grafit					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	LC ₅₀	>1000 mg/l	48 klst	Fiskar	
Eiturrhif	EC ₅₀	>1000 mg/l	48 klst	Daphnia	
Leysanleiki í vatni		Óleysanlegt			

Kalsíumsölt af sulfónsýru					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	LC ₅₀	>10000 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturrhif	EC ₅₀	>1000 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturrhif	NOELR	100 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Právirgni og niðurbrot		8,60%	28d.		OECD 301F

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:




16 05 04 (gaskennd efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni)

07 06 04 (aðrir lífræni leysar, þvottalausnir og stofnlausnir)

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerði í tæmdar umbúðir.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:		Varúðarmerking
UN Númer	1950	
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS	
Hættuflokkur:	2.1	
Pökkunarflokkur:	-	
Hættuundirflokkur:	5F	
Jarðgangaflokkun:	D	
Mengunarhætta:	Nei	
IMDG:		
UN Númer	1950	
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS	
Hættuflokkur:	2.1	
EmS:	F-D, S-U	
Pökkunarflokkur:	-	
Mengunarhætta:	Nei	
IATA:		
UN Númer	1950	
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS, FLAMMABLE	
Hættuflokkur:	2.1	
Pökkunarflokkur:	-	

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum. VOC (EB 2010/75): 57,88%

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H220	Afar eldfim lofttegund
H226	Eldfimur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif við innöndun
H412	Skaðlegt lífi í vatni með langvinnum áhrifum
H413	Getur valdið langvinnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni

Útgáfa/Dags: 2/08.10.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

THEO FÖRCH GMBH
SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II
6700 0048 FÖRCH BLACK MAGIC S411 400ML

Útgáfa:

22.02.2019 Útgáfa 0020